

**Sérstakur viðauki við gildandi stofnanasamning dags. 15. maí 2010
milli Veðurstofu Íslands og Kjarafélags viðskiptafræðinga og hagfræðinga**

Samkomulag er um að mat á menntun skv. gr. 3.4.1, 3.4.3 og 3.5.1 breytist og verður eftirfarandi:

Starf sem gerir kröfu um 60 eininga (ECTS) viðbótarnám raðast að lágmarki einum launaflokki hærra en starf þar sem einungis er krafist grunnmenntunar og sé gerð krafa um meistaragráðu skal slíkt starf raðast að lágmarki 2 launaflokkum hærra sbr. upptalningu hér að neðan:

- *Diplóma eða sambærilegt nám sem leiðir til formlegra starfsréttinda (60 einingar) = 1 launaflokkur*
- *Meistaragráða (90-120 einingar) = 2 launaflokkar*
- *Doktors- eða sambærileg gráða (180 einingar) = 3 launaflokkar*

Lengra formlegt grunnnám skal metið með sambærilegum hætti.

Viðbótarmenntun

Við grunnröðun skulu bættast við álagsþrep vegna viðbótarmenntunar á háskólastigi sem ekki er þegar metin við grunnröðun. Menntunin þarf að nýtast í starfi og miðað við að hún sé á fagsviði viðkomandi, sem hér segir:

- *2 álagsþrep fyrir 60 ECTS eininga diplómu*
- *4 álagsþrep fyrir meistaragráðu*
- *6 álagsþrep fyrir doktorsnám eða sambærilega gráðu*

Styttra formlegt nám skal metið með sambærilegum hætti.

Breytt samsetning launa og launaröðun skal í engum tilvikum leiða til lækkunar heildarlauna starfsmanns.

Viðauki þessi gildir frá 1. júní 2016.

Reykjavík, 17.júlí 2017

f.h. Veðurstofu Íslands



f.h. Kjarafélags viðskiptafræðinga og
hagfræðinga

